



Hörgársveit

Hörgársveit Framkvæmdaleyfi

Heiti framkvæmdaleyfis:

Efnistaka í landi Bjarga II

Leyfishafi:

GV Gröfur ehf., kt. 5007952479
Frostagötu 4
603 Akureyri

Fyrirliggjandi gögn:

- Umsókn, dags. 10. maí 2011, endurnýjun, dags. 4. september 2013
- Mat á umhverfisáhrifum, matsskýrsla, dags. í júní 2013, með yfirlitsmynd, dags. 26. mars 2013 (bls. 15) og afstöðumynd í mælikvarðanum 1:5.000, dags. 3. febrúar 2011 með síðari breytingum (bls. 13)
- Álit Skipulagsstofnunar, dags. 2. ágúst 2013
- Leigusamningur, dags. 20. mars 2009
- Aðalskipulag Arnarneshrepps 1998-2017

Útgáfa framkvæmdaleyfisins:

Með vísan til samþykktar sveitarstjórnar Hörgársveitar 18. september 2013, sem er skv. tillögu skipulags- og umhverfisnefndar 12. september 2013, er hér með veitt framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku í landi Bjarga II. Framkvæmdaleyfið er veitt á grundvelli 13.-16. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 og reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012, með þeim takmörkunum og skilmálum sem að neðan greinir.

Gildistími framkvæmdaleyfisins:

Framkvæmdaleyfið tekur gildi við útgáfu þess og fellur úr gildi 31. mars 2029 eða fyrr, verði brugðið út af skilmálum þess. Ef leyfishafi hættir starfsemi á svæðinu sem framkvæmdaleyfið tekur til, fellur það sjálfkrafa og samstundis úr gildi. Gildistími framkvæmdaleyfisins er háður því að framkvæmdaleyfisgjald vegna eftirlits og mælinga sé greitt skilvíslega skv. útgefnum reikningum. Framkvæmdaleyfið er óframsetjanlegt.

Magn efnistöku skv. framkvæmdaleyfinu:

Hámarks magn efnis skv. framkvæmdaleyfinu er $2.200.000 \text{ m}^3$ á öllum framkvæmdatímanum.

Svæði sem framkvæmdaleyfið tekur til:

Framkvæmdin skal eiga sér stað á því svæði sem sýnt er á fyrirliggjandi uppdrætti, gerðum af Búgarði, dags. 3. febrúar 2011 með breytingu 14. febrúar 2011.

Fyrirkomulag og framvinda efnistöku:

Fyrirkomulag efnistökunnar skal vera með eftirfarandi hætti:

1. Efnistöku skal í einu og öllu haga svo sem lýst er í köflunum 2.3.2, 2.3.3 og 2.3.4 í ofangreindri matsskýrslu (Tilhögun efnisvinnslu, Tilhögun efnisflutninga, Umgengi og frágangur á efnistökusvæði).
2. Halli á fláum upp úr námunni skulu vera 1:1,5 - 1:2,5

3. Efnistakan og öll starfsemi, sem henni fylgir, er háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra.
4. Áhættumat vegna starfseminnar, viðurkennt af Vinnueftirlitinu, skal ætíð vera til staðar og allur búnaður vegna hennar, þ.m.t. tæki og bifreiðar, skal ætíð vera tryggður á lögboðinn hátt og hafa skoðun Vinnueftirlitsins, m.a. til að fyrirbyggja mengun af starfseminni.
5. Stjórnendur alls búnaðar skulu ætíð vera með fullgild viðeigandi réttindi.
6. Eftirlitsmanni leyfisveitanda skal ætíð og hvenær sem er hafa fullan og ótakmarkaðan aðgang að framkvæmdasvæðinu.

Aðrir skilmálar framkvæmdaleyfisins

Framkvæmdaleyfið er gefið út í tveimur eintökum og skal a.m.k. annað eintak þess ætíð vera aðgengilegt eftirlitsmanni á framkvæmdasvæði.

Afturköllun framkvæmdaleyfisins:

Leyfishafa er skylt að hlíta öllum skilmálum framkvæmdaleyfisins, þ.e. um hámarksagn, um svæðið sem það tekur til, um fyrirkomulag og framvindu efnistökunnar og alla aðra skilmála framkvæmdaleyfisins. Leyfisveitanda er heimilt að afturkalla framkvæmdaleyfið hvenær sem er, verði í einhverju brugðið út af skilmálum þess að mati hans. Tilkynna skal leyfishafa skriflega um afturköllunina, sem skal taka gildi í síðasta lagi 7 dögum eftir dagsetningu afturköllunarinnar.

Eftirlitsmaður framkvæmdaleyfisins:

Ævar Ármannsson, tæknifræðingur. Leyfisveitandi getur hvenær sem er skipt um eftirlitsmann og mun þá tilkynna leyfishafa um það án tafar.

Framkvæmdaleyfisgjald:

Upphafsgjald framkvæmdaleyfisins, kr. 90.000, hefur verið greitt. Framkvæmdaleyfisgjald vegna eftirlits (umfram eina ferð) og mælinga greiðist skv. reikningum sem leyfisveitandi gefur út. Um framkvæmdaleyfisgjaldið gildir gjaldskrá fyrir framkvæmdaleyfisgjald og gjald fyrir skipulagsvinnu í Hörgársveit nr. 350/2012.

Útgáfudagur:

24. september 2013

Undirskrift:

